

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Laugardalur Laugardalur, Húsavík



Dags eftirlits	24.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Laugardalur	Eftirlitsmaður	
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Hreiðar Einarsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik er varða umgengni á urðunarstaðnum og skil á skráningum. Áfram eru opin tvö frávik frá eftirliti 2020 er varða brotajám og plast á urðunarstaðnum og frágangur urðunarreinar.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Laugardal. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
3. Daglegur frágangur urðunarreina (gr. 4.3)
4. Skráningar (gr. 5.1)
5. Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á fundi þar sem farið var yfir ákvæði starfsleyfisins. Fram kom að á urðunarstaðnum hafa verið urðuð 52 tonn af úrgangi árið 2021, en urðunarstaðurinn er fyrst og fremst nýttur af sveitarfélaginu. Urðunarstaðurinn er afgirtur og hlið læst.

Rætt var um skráningar, en rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningum vegna ársins 2021 hefur ekki verið skilað.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Urðunarstaðurinn hefur heimild til að urða óvirkan úrgangur og taka á móti garðaúrgangi til jarðgerðar, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi. Hinsvegar má finna á urðunarstaðnum ýmsan úrgang sem ekki telst sem óvirkur úrgangur, s.s. brotajám og plast. Þá hefur rekstraraðili ekki sinnt daglegum frágangi, sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi. Hvortveggja var sett fram sem frávik í eftirliti 2. júní 2020 en rekstraraðili hefur ekki sinnt þeim úrbótum sem hann lagði fram og voru samþykktar af Umhverfisstofnun 6. nóvember 2020.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 2.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Urðunarstaðurinn er ekki snyrtilegur og rekstraraðili hefur ekki sinnt frágangi í samræmi við ákvæði starfsleyfis síns.

gr. 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Skráningum vegna ársins 2021 hefur ekki verið skilað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.12.2022



Sigríður Magnúsdóttir

